

Lesskimunarpróf fyrir 1. og 2. bekk grunnskóla

Guðmundur B. Kristmundsson og Þóra Kristinsdóttir, dósentar við Kennaraháskóla Íslands hafa tekið að sér að semja lesskimunarpróf fyrir 1. og 2. bekk grunnskóla. Þau munu sjá um þýðingu og staðfæringu á norskum lesskimunarprófum fyrir 1. og 2. bekk grunnskóla, auk útgáfu á leiðbeiningaheftum um fyrirlögn, hugmyndahefti fyrir kennara og viðeigandi eyðublöð. Um er að ræða tvö prófahefti fyrir 1. bekk grunnskóla og þrjú prófahefti fyrir 2. bekk. Guðmundur og Þóra munu halda allt að 30 fræðslufundi meðal kennara um land allt á yfirstandandi skólaári um notkun lesskimunarprófanna. Fundirnir eru haldnir í samvinnu við skólaskrifstofur og hafa nú þegar verið haldnir nokkrir velheppnaðir fundir.

Prófin án endurgjalds

Menntamálaráðherra hefur ákveðið að lesskimunarprófin standi skólum til boða án sérstaks endurgjalds á þessu skólaári og því næsta í þeim tilgangi að auðvelda skólum aðgang að prófunum. Ráðuneytið hefur sent öllum grunnskólum landsins bréf þar sem þeir eru hvattir til að snúa sér til Námsgagnastofnunar vegna pöntunar á prófgögnum. Námsgagnastofnun annast prentun á öllum prófgögnum og dreifingu til skóla í samræmi við pantanir skóla. Þegar hafa borist fjölmargar pantanir til Námsgagnastofnunar og ljóst er að mikill áhugi er á

meðal grunnskóla að nýta sér nú þegar lesskimunarprófin.

Hægt að bregðast strax við lesblindu

Í verkefnaáætlun menntamálaráðuneytisins fyrir 1999-2003 er stefnt að því að öllum grunnskólabörnum verði í upphafi grunnskóla gefinn kostur á því að gangast undir lesskimunarpróf. Í skólastefnu menntamálaráðherra sem lögð var til grundvallar við gerð nýrra aðalnámskráa, sem gefnar voru út árið 1999, var áhersla lögð á að staða nemenda skyldi greind frá upphafi grunnskóla til að unnt væri að koma betur til móts við þarfir hvers og eins. Var þá sett fram það markmið að foreldrum allra sex ára barna yrði boðið að láta þau taka lesskimunarpróf. Með því skyldu líkur á lestrarörðugleikum nemenda metnar þegar við upphaf skóla-

göngu og brugðist við áður en í óefni væri komið. Með útgáfu á lesskimunarprófum er verið að koma framangreindu markmiði í framkvæmd. Þess er vænst að prófin geti nýst skólum við að skipuleggja markvissa lestrarkennslu og viðeigandi stuðning við þá nemendur sem eiga í erfiðleikum með lestur eða af einhverjum ástæðum eru taldir líklegir til að eiga í lestrarörðugleikum síðar á skólagöngu sinni. Mikilvægt er að tilgangur prófanna og niðurstöður verði kynntar foreldrum með það að markmiði að auka hlut foreldra og ábyrgð hvað varðar lestrarnám barna sinna. Í kjölfarið á framkvæmd prófanna hyggst menntamálaráðuneytið gera úttekt á því hvernig framangreind lesskimunarpróf reynast í grunnskólum og munu niðurstöðurnar skera úr um framhaldið.



Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, Þóra Kristinsdóttir og Guðmundur B. Kristmundsson, dósentar við Kennaraháskóla Íslands ásamt nemendum í Háteigsskóla.

Fundur menntamálaráðherra með menningarmálaráðherrum Evrópuráðsins

Menningarmálaráðherrar Evrópuráðsins hittust í Frankfurt dagana 16. og 17. október sl. og ræddu um *Rafræna bókaútgáfu í þágu lýðræðispróunar í Evrópu* og hvaða skref ætti að taka í átt til frekari eflingar á rafrænni útgáfu, höfundarréttarmálum á netinu og þróun stafrænnar prenttækni. Einnig fjölluðu ráðherrarnir um hvað þegar hafi verið gert í menningarlegu tilliti í kynningu á bókum og hlutverki bókasafna. Þá var rædd nauðsyn þess að bæta aðgengi almennings að upplýsingum.

Rafræn tækni í stað bókaútgáfu?

Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, var frummælandi þegar rætt var um hvort rafræn tækni væri að leysa hefðbundna bókaútgáfu af hólmi. Í máli ráðherra kom meðal annars fram

sú skoðun að ekki ætti að sporna gegn þessari þróun heldur ætti að nýta þau tækifæri sem hún hefur upp á að bjóða. Mestu máli skipti í því sambandi hvernig þessi miðlun sé skipulögð og að þjóðir geti nýtt eigið tungumál en þurfi ekki að verða háðar öðrum tungumálum. Af þeim sökum hefur íslenska ríkisstjórnin meðal annars lagt ríka áherslu á tungutækni, það er að segja að tryggja stöðu íslenskunnar í tölvuheiminum. Benti ráðherra ennfremur í máli sínu á þá stefnumótunarvinnu sem er í gangi innan menntamálaráðuneytisins í þróun rafræns menntakerfis sem byggist á lýsigagnaskráningu auk þess sem unnið er að því að koma upp rafrænu bókasafnskerfi sem nái til landsins alls. Ráðherra ritaði auk þess nýverið undir samning við fyrirtækið Bell & Howell um aðgang Íslendinga að 19 rafrænum gagnasófum auk 3500 rafrænna tímarita.

Menningarmálaráðherrar tóku þátt í því, þegar hin árlega alþjólega bókasýning í Frankfurt var sett og hittu þeir Björn Bjarnason og Ingimundur Sigfússon, sendiherra Íslands í Þýskalandi, íslensku útgefendurnar á sýningunni og ýmsa erlenda útgefendur á verkum íslenskra höfunda.

Menningarmál á landsbyggðinni

Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, hefur kynnt á Alþingi niðurstöður samstarfshóps um menningarmál á landsbyggðinni sem var ætlað það hlutverk að fjalla um eflingu menningararlífs og á hvern hátt mætti auðvelda og fjölga heimsóknum listamanna til einstakra byggðarlaga.

Samstarfshópur um menningarmál

Fyrir réttu ári samþykkti Alþingi þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999-2001 þar sem sérstök áhersla er lögð á að auka nýsköpun og fjölbreytni atvinnulífs á landsbyggðinni og að efla menntun, þekkingu og menningu. Í kjölfarið skipaði menntamálaráðherra samstarfshóp um menningarmál á landsbyggðinni sem var ætlað það hlutverk að fjalla um eflingu menningararlífs og meta á hvern hátt mætti auðvelda og fjölga heimsóknum listamanna til einstakra byggðarlaga.

Samstarfshópurinn kom saman til fyrsta fundar 3.

mars 2000. Hann leitaði álits og hugmynda víðs vegar um landið og hjá sem flestum sem að menningarmálum koma. Sérstaklega var óskað eftir ábendingum um hvernig auka mætti atvinnutækifæri á þessu sviði. Bæði var leitað til þeirra sem starfa við opinberar menningarstofnanir og eins þeirra sem starfa í félagsamtökum. Erindi starfshópsins var vel tekið og var almenn samstaða og sátt um nauðsyn þess að efla menningarstarf á landsbyggðinni.

Niðurstaða samstarfshóps

Samstarfshópurinn hefur nú lokið störfum með því að skila skýrslu til menntamálaráðherra um hvernig best verði að þessum málum staðið í náinni framtíð. Í skýrslunni eru settar fram tillögur í fjórum megin málaflokkum: Stefnumótun, aðstaða, sjóðir og styrkir og fjölgun starfa. Þessa málaflokka telur starfshópurinn brýnast að efla til stuðnings menningarlífi á landsbyggðinni á næstu árum.

Forsendur fyrir forgangsroðun tillagna voru eftirfarandi:

1. Að framkvæmd tillögunnar verði til þess að efla það menningarstarf sem fyrir er
2. Að tillagan beinist að lausn á almennt viðurkenndum vanda
3. Að tillagan eða líkar tillögur hafi komið fram frá ýmsum aðilum
4. Að tillagan sé framkvæmanleg í náinni framtíð.

Samstarfshópurinn skipuðu Karitas H. Gunnarsdóttir, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, formaður, dr. Guðrún Helgadóttir, menningarráðgjafi, tilnefnd af Byggðastofnun og Gísli Sverrir Árnason, forseti bæjarstjórnar Hornafjarðar, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Skýrslu samstarfshópsins er að finna á heimasíðu menntamálaráðuneytisins: www.mrn.stjr.is

Fréttabréf menntamálaráðuneytis,
10. árg. 3. tbl. desember 2000
Ábyrgðarmaður: Guðríður Sigurðardóttir
Ritstjóri: Steinunn Jónasdóttir
Útlitshönnun: Fiton • hh
Útg. Menntamálaráðuneytið,
Sölvhólgötu 4, 150 Reykjavík
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: www.mrn.stjr.is
Prentun: Prentsmiðja Hafnarfjarðar

Nýtt fyrirkomulag á útgáfu fréttabréfs menntamálaráðuneytisins

Þetta tölublað fréttabréfs menntamálaráðuneytis er það síðasta sem gefið verður út á pappír, því ákveðið hefur verið að framvegis verði útgáfan eingöngu á rafrænu formi.

Næsta tölublað verður sent áskrifendum sem viðhengi með tölvupósti á pdf-formi (Portable Document Format), en einnig verður hægt að nálgast fréttabréfið á html-formi á vef ráðuneytisins www.mrn.stjr.is

Áskrifendur fréttabréfsins og áhugasamir lesendur eru því beðnir um að senda upplýsingar um nöfn sín og netföng til Steinunnar Jónasdóttur í menntamálaráðuneytinu, netfang: steinunn.jonasdottir@mrn.stjr.is

Þeir sem ekki hafa netfang eða aðgang að Interneti eiga þess kost að fá eintak af fréttabréfinu sent til sín í pósti eins og áður.



Starfshópur um afreksstefnu

Menntamálaráðherra, skipaði þann 6. október sl. starfshóp sem falið var að kanna með hvaða hætti megi efla afreksstefnu íþróttahreyfingarinnar og jafnframt hvort unnt sé að bæta fjárhagsstöðu sérsambanda ÍSÍ með ákveðnum skipulagsbreytingum í íþróttamálum. Guðjón Guðmundsson, alþingismaður, var skipaður formaður starfshópsins en auk hans voru skipuð þau Ísólfr Gylfi Pálmason, alþingismaður, Ragnheiður Runólfsdóttir, sundkona, Ellert B. Schram, forseti ÍSÍ, og Stefán Konráðsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ.

Tillögur starfshóps

Starfshópurinn lagði fram við menntamálaráðherra tillögur sínar um ný úrræði sem miðuðu að því að efla stuðning við afreksstefnu í íþróttum á Íslandi. Fólu þær í sér aukinn stuðning ríkisvaldsins við afreksstefnu í íþróttamálum.

Var eftirfarandi lagt til:

1. Að sérstakur sjóður verði stofnaður til stuðnings við ungt afreksfólk í íþróttum
2. Að fé verði varið til aðstoðar við ráðningu landsliðsþjálfara, til að bæta þjálfaramenntun þeirra og nýta í því skyni m.a. aðstöðu á Laugarvatni
3. Að ákveðinni fjárhæð verði árlega varið til þátttöku íþróttafólks í stærstu alþjóðlegu íþróttamótunum.



Björn Bjarnason, menntamálaráðherra og Vala Flosadóttir.

Samningur um aðgang að rafrænum gagnasöfnum

Nýverið undirrituðu menntamálaráðherra og Einar Sigurðsson, landsbókavörður, samning við Bell & Howell fyrirtækið um aðgang Íslendinga að rafrænum gagnasöfnum.

Samningurinn felur í sér aðgang að 19 gagnasöfnum á ýmsum sviðum og 3500 rafrænum tímaritum nokkur ár aftur í tímann og til dagsins í dag. Er hægt að nálgast allan texta tímaritanna ásamt töflum og myndum. Auk þess er aðgengi að efnisyfirliti og útdráttum úr fjölmörgum öðrum tímaritum. Samningur þessi mun opna ný svið í upplýsinga- og fræðslumálum og er fyrstur sinnar tegundar í heiminum. Nýjungin felst í því að samið er um landsaðgang þannig að aðgengi verður ekki takmarkað við starfsmenn tiltekinna stofnana heldur munu starfsmenn fyrirtækja og fólk í heimahúsum geta tengst þessum gagnasöfnum ef internetveitan sem þeir eru tengdir uppfyllir öryggisreglur. Mun samningurinn t.d. hafa mikla þýðingu fyrir þá sem stunda fjarnám, en þeir fá nú aðgang að ýmsum fagtímaritum frá heimilum sínum.

Auk áskriftar að gagnasöfnum og raf-



F. h. Einar Sigurðsson, landsbókavörður, Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, Steve Sidaway, aðstoðarforstjóri sölu- og markaðsmála hjá Howell og Bell og Haukur Ingibergsson, formaður verkefnisstjórnar um aðgang að rafrænum gagnasöfnum.

rænum tímaritum veitir aðgangurinn notendum afnot af *Site builder* frá Bell&Howell en það er forrit sem gerir fólki kleift að skilgreina sitt eigið gagnasafn byggt á völdum upplýsingum úr öllu gagnasafninu. Þannig geta notendur verið með sínar eigin heimasíður með völdum greinum og einnig vel uppbyggða leit sem endurnýjast jafnóðum og nýtt efni bætist við í gagnasöfnin.

Aðgangur fyrir Íslendinga

Menntamálaráðherra skipaði í upphafi árs verkefnisstjórn um aðgang að gagnasöfnum undir formennsku Hauks Ingibergssonar, forstjóra, og er hlutverk hennar að móta stefnu um aðgang fyrir íslenskt samfélag að gagnasöfnum og ennfremur að hlutast til um að henni sé hrundið í framkvæmd. Meðal annars var verkefnisstjórninni ætlað að kanna tilboð um aðgang að gagnasöfnum og gera tillögur til menntamálaráðuneytis um kaup á aðgangi, leggja á ráðin um fjármögnun, gera tillögur um skipulag og tilhögun aðgangs og leita samvinnu við önnur Norðurlönd um sameiginlegan aðgang að gagnasöfnum þar sem það þykir henta og tækifæri gefst. Einnig var verkefnisstjórninni ætlað að veita umsögn um óskir um aðgang að gagnasöfnum og að forgangsraða verkefnum á þessu sviði. Verkefnisstjórnin hefur unnið að ofangreindu verkefni og gerði tillögu til menntamálaráðherra um að ganga til samninga við Bell & Howell. Hægt er að tengjast gagnasafninu á heimasíðu menntamálaráðuneytisins www.mrn.stjr.is

Ný lög um námsmatsstofnun

Nýverið var lagt fyrir á Alþingi frumvarp til laga um Námsmatsstofnun. Með lagafrumvarpi þessu er lagt til að heiti og hlutverki Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála verði breytt í Námsmatsstofnun, sem annist hluta þeirra verkefna sem hafa verið unnin á vegum Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála samkvæmt núgildandi lögum nr. 76/1993. Lagt er til að lögbundið hlutverk Náms-

matsstofnunar verði að annast prófagerð og prófaframkvæmd og rannsóknir tengdar námsmati, þar með talið samanburðarrannsóknir við skólastarf í öðrum löndum. Ekki er gert ráð fyrir að stofnunin annist aðrar rannsóknir innanlands á sviði uppeldis- og menntamála en námsmatsrannsóknir. Við alla helstu háskóla landsins starfa rannsóknastofnanir sem m.a. sinna rannsóknum á sviði

uppeldis- og menntamála og því óþarfi að á vegum ríkisins sé rekin sérstök rannsóknastofnun á þessu sviði.

Við gerð þessa frumvarps hefur verið höfð hliðsjón af álitgerðinni „Mat á starfsemi Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála“, sem stýrihópur, skipaður af menntamálaráðherra, skilaði í febrúar 1999 og er samantekt á tillögum stýrihópsins fylgiskjal með frumvarpinu.

Evrópskt tungumálaár 2001

Evrópuráðið og Evrópusambandið hafa ákveðið að árið 2001 verði Evrópskt tungumálaár. Þessar stofnanir hafa með sér samstarf um skipulagningu og undirbúning ársins, jafnframt því sem unnið er að undirbúningi í þáttökulöndunum, en Ísland er eitt 45 þáttökulanda.

Markmið tungumálaársins

Markmið tungumálaársins eru eftirfarandi:

1. Að auka þekkingu á tungumálaarfleifð Evrópu og skilning á mismunandi tungumálum og menningu þannig að litið sé á fjölbreytileika tungumála og menningar í Evrópu sem uppsprettu sameiginlegrar auðlegðar sem nauðsynlegt sé að vernda og styrkja.



2. Að hvetja Evrópubúa til að auka tungumálakunnáttu sína í því skyni að auka gagnkvæman skilning, samvinnu og virka þátttöku í þróun lýðræðis í Evrópu.
3. Að styðja við símenntun í tungumálanámi svo að allir Evrópubúar geti aflað sér nægilegrar málakunnáttu og þannig aðlagð sig betur efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum breytingum á samfélaginu.

Aðild Íslands að Evrópsku tungumálaári

Íslensk landsnefnd fyrir tungumálaárið var skipuð í febrúar síðastliðnum og er henni m.a. ætlað að gera tillögur að dagskrá og aðgerðum hér á landi. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar menntamálaráðuneytisins, Samtaka tungumálakennara á Íslandi, samstarfsnefndar háskólastigsins, Íslenskrar málnefndar og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Landsnefndin hefur ákveðið að áherslusvið á Evrópsku tungumálaári 2001 verði bæði erlend tungumál og íslenska, auk tákna máls.

Aðild Íslands að Evrópsku tungumálaári 2001

mun bæði fela í sér þátttöku í samevrópskri dagskrá og skipulagningu innlendra aðgerða. Opnunarathöfn Evrópsks tungumálaárs 2001 verður í Lundi í Svíþjóð dagana 18.-20. febrúar 2001 en lokaathöfnin verður haldin í Brussel í desember. Evrópsk vika tungumálanáms innan fullorðinsfræðslu mun standa frá 5. - 11. maí og Evrópskur tungumáladagur verður haldinn 26. september 2001. Einnig kemur margt fleira til á evrópskum vettvangi, s.s. útgáfa handbókar fyrir nemendur í tungumálanámi, sameiginlegt merki og slagorð.

Innlend dagskrá er enn í mótun en hún mun að talsverðu leyti felast í skipulagningu aðgerða í tengslum við evrópsku tungumálavikuna og tungumáladaginn. Gera má ráð fyrir að árlegir innlendir viðburðir á sviði tungumála verði tengdir tungumálaárinu og má þá nefna dag íslenskrar tungu, upplestrarkeppni grunnskólanna, Evrópumerkið, frönsku ljóðsamkeppnina og þýsku þrautina sem dæmi. Leitast verður við að virkja fjölmiðla til að fjalla um tungumálaárið og viðburði tengda því.

Á heimasíðu menntamálaráðuneytisins er að finna frekari upplýsingar um tungumálaárið www.mrn.stjr.is

Ráðinn framkvæmdastjóri fjármáladeildar Ríkisútvarpsins

Guðmundur Gylfi Guðmundsson, hagfræðingur, hefur verið ráðinn í stöðu framkvæmdastjóra fjármáladeildar Ríkisútvarpsins.

Guðmundur Gylfi lauk BSc. gráðu í hagfræði frá Háskólanum í Lundi árið 1981 og stundaði framhaldsnám í hagfræði við Háskólann í Gautaborg á árunum 1981-1984. Hann starfaði sem yfirhagfræðingur hjá Fasteignamati ríkisins á árunum

1985-1989 og sem hagfræðingur hjá Alþýðusambandi Íslands til ársins 1998 er hann hóf störf sem deildarstjóri fjármálaskrifstofu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

Guðmundur Gylfi hefur auk þess setið í fjölmörgum nefndum á vegum ríkis og sveitarfélaga.



Ungt fólk í Evrópu - Youth

Þann 23. nóvember sl. var haldinn kynningarfundur Hinu Húsinu til að kynna nýja æskulýðsáætlun Evrópusambandsins. Áætlunin ber heitið Youth en á íslensku nefnist hún Ungt fólk í Evrópu, skammstafað UFE. Innan nýju áætlunarinnar renna saman tvær æskulýðsáætlanir sem starfræktar hafa verið á vegum Evrópusambandsins undanfarin ár. Það er ungmennaskiptaáætlunin Youth for Europe og sjálfbóðaliðaáætlunin European Voluntary Service. Íslendingar hafa tekið þátt í æskulýðssamstarfi Evrópusambandsins á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið frá 1994. Rúmlega 2000 íslensk ungmenni hafa farið utan til þátttöku í hópverkefnum á sviði ungmennaskipta og álika fjöldi erlendra ungmenna hefur sótt Ísland heim í sama skyni. Eins hafa á fimmta tug Íslendinga á aldrinum 18-25 ára tekið þátt í sjálfbóðajónustu á vegum Evrópusambandsins.

Sem dæmi um ungmennaskiptaverkefni má nefna baráttu gegn kynþáttahatri, fíkniefnum, umhverfismál, upplýsingatækni og lista- og menningarverkefni.

Nýja æskulýðsáætlunin

Nýja æskulýðsáætlunin felur í sér svipaða möguleika og forverar hennar. Hún var samþykkt af Evrópusambandinu í febrúar sl. og spannar tímabilið 2000-2006. Markmið áætlunarinnar eru þau sömu og áður, þ.e. efling samstöðu ungmenna í Evrópu, virk þátttaka í þjóðfélagsþróun og hvatning til frumkvæðis og framtakssemi.

Styrkir eru veittir til verkefna sem unnin eru af ungmennum á aldrinum 15-25 ára. Ísland fær rúmar 30 milljónir á ári frá Evrópusambandinu til úthlutunar í styrki og skiptist sú upphæð á milli fimm flokka áætlunarinnar, sem eru ungmennaskipti, sjálfbóðajónusta, frumkvæðisverkefni ungs fólks, efling samvinnu starfsfólks í æskulýðsstarfi og samstarf stofnana á sviði æskulýðsmála. Einnig er veittur stuðningur til samvinnu um miðlun upplýsinga um ungt fólk í þáttökulöndunum og hagi þess. Ungmennaskiptin eru sem áður víðamesti hluti samstarfsins en sjálfbóðajónustan er að eflast, sem og aðrir þættir.

Landsskrifstofa UFE á Íslandi

Menntamálaráðuneytið hefur gert samning við Íþróttá- og tómsundaráð Reykjavíkur um að reka landsskrifstofu hér á landi og er hún staðsett í Hinu Húsinu. Ráðuneytið leggur áherslu á að þátttakendur í áætluninni komi allstaðar að af landinu og beinist kynningarstarfsemi landsskrifstofunnar að því að svo megi verða. Einnig er lögð áhersla á góð tengsl við alla sem vinna með ungu fólki í hverskonar félags- og tómsundastarfi og leitast við að virkja þá sem best til þátttöku í Evrópuverkefnum.



Frá kynningarfundinum í Hinu Húsinu.

Ráðuneytið hefur einnig skipað fimm manna landsnefnd sem ætlað er að stuðla að árangursríkri framkvæmd áætlunarinnar, meðal annars með því að vinna að almennri stefnumótun í samræmi við ákvæði í samningi milli Evrópusambandsins og ráðuneytisins. Landsnefndinni er m.a. ætlað að forgangsráða verkefnum, hafa umsjón með mati á umsóknum og úthluta þeim fjármunum sem Ísland fær til áætlunarinnar.

Heimasíða UFE er: <http://www.ufe.is/>

Nýr starfsmaður í menntamálaráðuneytið

Ásgerður Kjartansdóttir hefur verið ráðin sérfræðingur í mats- og eftirlitsdeild í skrifstofu menntamála og vísinda í menntamálaráðuneytinu. Ásgerður lauk BA gráðu í uppeldis- og menntunarfræði frá Háskóla Íslands 1998 og lagði stund á nám í matsfræðum í Háskóla Íslands veturinn 1999-2000. Á háskólaárunum starfaði Ásgerður sem aðstoðarmaður kennara, fulltrúi nemenda í námsnefnd, á deildar- og deildarráðsfundum og við nemendaráðgjöf. Síðastliðin tvö ár hefur hún starfað sem fræðslufulltrúi hjá Leikskólum Reykjavíkur.



Veiting Evrópumerkisins árið 2000

Evrópumerkið (*European Label*), viðurkenning framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins fyrir nýbreytniverkefni á sviði tungumálanáms og -kennslu, var veitt í annað sinn á Íslandi þann 25. október síðastliðinn. Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, veitti viðurkenninguna og fór athöfnin fram í Þjóðmenningarhúsi að viðstöddum fulltrúum fagfélaga tungumálakennara og ýmsum öðrum hagsmunaaðilum.

Evrópumerkinu er ætlað að beina sjónum að athyglisverðum verkefnum í kennslu og námi erlendra tungumála. Fylgja þarf sameiginlegum evrópskum viðmiðum við veitingu merkisins en framkvæmd er í höndum hvers þáttökulands.

Verðlaunaverkefnið árið 2000

Evrópumerkið árið 2000 hlaut verkefni: *Tungumálanám á Neti*. Verkefnið er unnið á vegum Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur. Umsjón með því höfðu Brynhildur Anna Ragnarsdóttir, Gry Ek Gunnarsson, Ingegerd Narby og Þorvaldur Pálmason.

Verðlaunaverkefnið er sniðið fyrir nemendur í sænsku í 9. bekk grunnskóla og nemendur í norsku í 9. og 10. bekk grunnskóla. Markmið með verkefninu er m.a. að skapa námsumhverfi á Netinu fyrir þessa nemendur óháð búsetu þeirra. Um er að ræða kennsluvef sem byggir á gagnvirkum vefverkefnum, stýrðum vefleiðöngrum, samskiptasetri og stuðningsverkefnum. Vefurinn er þannig úr garði gerður að nemendur geta tengst raunefni sem er í sífelldri endurskoðun á vefjum í Svíþjóð og Noregi. Námsefninu er skipt upp í



Brynhildur A. Ragnarsdóttir, Gry Ek Gunnarsson, Ingegerd Narby og Björn Bjarnason, menntamálaráðherra.

þemu. Hvert þema er tveggja til þriggja vikna vinna. Miðað er við að nemendur geti sinnt náminu í nettengdri tölvu í sínum heimaskóla.

Innlend dómnefnd, skipuð af menntamálaráðherra, mat umsóknir um Evrópumerkið og tók ákvörðun um hvaða verkefni hlyti viðurkenninguna. Í dómnefndinni eiga sæti fulltrúar frá Samtökum tungumálakennara á Íslandi, Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands, auk fulltrúa ráðuneytisins. Einnig starfaði einn erlendur dómnefndarfulltrúi með nefndinni við lokamat á umsóknum. Alls bárust 4 umsóknir um Evrópumerkið í þetta sinn.

Menningarmálaráðherrar Norðurlanda hittust í Reykjavík



Menningarmálaráðherrar Norðurlanda

Menningarmálaráðherrar Norðurlanda komu saman til fundar í Norræna húsinu í Reykjavík þann 8. nóvember sl. í tengslum við þing Norðurlandaráðs.

Á fundinum var m.a. fjallað um ráðstöfun framlaga til menningarmála í norrænu samstarfsfjarlögum 2001. Einnig var rætt um þróun fjölmenningsamfélags á Norðurlöndum og menningartengdar aðgerðir til að stemma stigu við útlendingaandúð og kynþáttafordómum. Þá áttu ráðherrarnir fund með fulltrúum í stjórn Norræna menningarsjóðsins og Norðurlandanefnd Norðurlandaráðs.

Menningarmálaráðherrarnir sem sátu fundinn voru: Elsebeth Gerner Nielsen frá Danmörku, Suvi Lindén frá Finnlandi, Marita Ulvskog frá Svíþjóð, Ellen Horn frá Noregi, Torbjörn Jacobsen frá Færeyjum, Gun Carlson frá Álandseyjum og Björn Bjarnason frá Íslandi.

Dagur íslenskrar tungu



**DAGUR
ÍSLENSKRAR
TUNGU
16. NÓVEMBER**

Dagur íslenskrar tungu var haldinn í fimmta sinn þann 16. nóvember sl. Að venju var flaggað og víða voru samkomur eða sérstakir viðburðir í stofnunum og skólum í tilefni dagsins. Íslensk málnefnd og Menntaskólinn á Akureyri stóðu fyrir ráðstefnum um íslenskt mál í tengslum við daginn, hátíðarsýning var á *Stúlkunni í vitanum* í Íslensku óperunni og fleira mætti nefna. Fjölmiðlar gerðu deginum góð skil og lögðu sitt af mörkum til að minna á hann.

Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar

Hátíðarsamkoma menntamálaráðuneytisins var að þessu sinni haldin í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu. Menntamálaráðherra, Björn Bjarnason, flutti ávarp og sigurvegarar frá Stóru upplestrarkeppninni lásu ljóð. Magnús Þór Jónsson, Megas, hlaut Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar að þessu sinni. Í rökstuðningi ráðgjafanefndar dags íslenskrar tungu sagði: “Megas hefur með skáldskap sínum auðgað íslenskt mál. Ljóðmál hans er frumlegt og nýtt og sækir líf sitt í hversdagsleika borgarinnar, fegurð og ljótleika mannlífsins og skeikula ásýnd náttúrunnar. Ljóð hans hafa sérstæða rödd, kímna og kaldhæðna. Íslenska menningu og menningararf skoðar hann með gagnrýnum og hvöss-

um hætti og veitir hlustendum og lesendum sínum nýja sýn á viðtekna hugmyndir. Megas hefur haft mikil áhrif á skáldskap, tónlist og ekki síst á gerð dægurlagatexta á

siðustu áratugum og hvatt ungt fólk til að kanna möguleika móðurmálsins í stað þess að flýja á náðir enskunnar”.

Við athöfn í Þjóðmenningarhúsinu sagði Björn Bjarnason við þetta tækifæri: “Mér er persónulega ljúft að fá tækifæri til að afhenda Megas þessi verðlaun. Við höfum þekkt frá því að við gengum saman í Austurbæjarskólann fyrir allmörgum árum og hafa þau bönd, sem þá sköpuðust aldrei rofnað, þótt við höfum valið okkur ólíkar leiðir í lífinu”.

Menningarsjóður Íslandsbanka- FBA lagði til verðlaunaféð, 500 þúsund krónur, ásamt heildarútgáfu á verkum Jónasar Hallgrímssonar. Megas flutti stutt ávarp þegar hann tók við verðlauninum og söng eitt lag við undirleik Jóns Ólafssonar.

Stóra upplestrarkeppnin

Í reglum menntamálaráðuneytisins um verðlaun og viðurkenningar á degi íslenskrar tungu segir að heimilt sé að veita sérstakar viðurkenningar fyrir stuðning við móðurmálið. Að tillögu ráðgjafanefndar dags íslenskrar tungu veitti menntamálaráðherra Stóru upplestrarkeppninni viðurkenningu fyrir framlag sitt. Í rökstuðningi nefndarinnar sagði: “Með upplestrarkeppninni hefur tekist að vekja athygli og áhuga kennara og nemenda á vönduðum upplestri og framburði. Keppnin er samstarfsverkefni Heimilis og skóla, Íslenskrar málnefndar, Íslenska lestrarfélagsins, Kennaraháskóla Íslands, Kennarasambands Íslands og Samtaka móðurmálskennara. Hún er haldin að frumkvæði áhugafólks um eflingu tungunnar í góðu samstarfi við skóla og skólaskrifstofur. Sú mikla þátttaka, áhugi og eldmóður sem einkennt hefur keppnina allt frá upphafi er lofsverður vitnisburður um starf þeirra sem að henni standa”.

Baldur Sigurðsson, lektor við Kennaraháskóla Íslands, sem verið hefur forystumaður Stóru upplestrarkeppninnar tók á móti viðurkenningarskjali og lista-



Frá Heiðarskóla í Reykjaneshæ.

Íslenskrar tungu

verki eftir Ólöfu Einarsdóttur og ávarpaði samkomuna.

hún að sjálfsgöðu aðgengileg fyrir alla í netheimum. Dr. Ringler hefur ekki látið

starf mikils og hafa ákveðið að veita styrk að fjárhæð 1 milljón króna til útgáfu bókarinnar og jafnframt hefur Íslandsbanki-FBA ákveðið að veita styrk að fjárhæð 500 þúsund króna til útgáfunnar.

Með verkum sínum hefur Dr. Ringler lagt mikið af mörkum til kynningar á íslenskrar tungu, sýnt frumkvæði og fordæmi, sem vonandi verður öðrum hvatning, sem glíma við þýðingar á verkum íslenskra höfundar. Það er gott til þess að vita að Ísland og íslensk menning á svo góða vini". Dr. Ringler tók við viðurkenningarskjali og listaverki eftir Ólöfu Einarsdóttur og í ávarpi sínu minntist hann sumarsvalar sinnar á Hólum í Hjaltadal fyrir nærri þremur áratugum og las þýðingar sínar á ljóðum eftir Jónas Hallgrímsson.

Samkomunni í Þjóðmenningarhúsinu lauk með því að Magga Stína og Jón Ólafsson fluttu eitt laga Megasar.

Dagur íslenskrar tungu hefur notið mikilvægs stuðnings Íslandsbanka-FBA og í ár var einnig stofnað til samstarfs við Íslandspóst sem dreifði póstkortum inn á öll heimili landsins með upplýsingum um daginn.



Björn Bjarnason, menntamálaráðgjafi, afhendir Megasi Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar.

Sérstök viðurkenning veitt

Menntamálaráðgjafi veitti Dr. Richard N. Ringler sérstaka viðurkenningu dags íslenskrar tungu og sagði við það tækifæri við athöfnina í Þjóðmenningarhúsinu:

"Á degi íslenskrar tungu fyrir þremur árum opnaði ég viðamikla vefsíðu um Jónas Hallgrímsson, sem var gerð af Dr. Richard N. Ringler, prófessor við Wisconsin háskóla í Bandaríkjunum. Er

sitja við þessa síðu heldur vinnur nú að útgáfu bókar um sama efni og vefsíðan geymir, nema hvað í bókinni verður ævisaga skáldsins, mun fleiri þýðingar og ýtarlegri skýringar en á vefsíðunni.

Frumkvæði Dicks Ringlers veitir einstætt tækifæri til að kynna eitt af höfuðskáldum Íslendinga á alþjóðavettvangi. Ríkisstjórn Íslands og menntamálaráðuneytið meta þetta brautryðjenda-



Nemendur í Heiðarskóla í Reykjanesbæ.

Reglugerð um jöfnun námskostnaðar

Ný reglugerð um jöfnun námskostnaðar nemenda á framhaldsskólastigi tók gildi hinn 24. október sl. Í reglugerðinni eru settar aðgengilegri reglur og kveðið á um skilvirkari framkvæmd en verið hefur.

Almennari skilyrði styrkveitinga

Á sl. skólaári var um 344 m.kr. ráðstafað til jöfnunar á námskostnaði til um 3300 framhaldsskólanemenda. Með nýrri reglugerð verða skilyrði styrkveitinga almennari en áður og má því gera ráð fyrir fjölgun styrkþega. Áætlað er að skólaárið 2000-2001 verði þeir um 3800 talsins, en þá eru þeir meðtaldir sem notfæra sér skipulagðan akstur á vegum skóla. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga hækkar framlag til jöfnunar námskostnaðar úr 344,2 m.kr. árið 2000 í 442,9 m.kr. árið 2001. Hækkunin er í samræmi við ályktun Alþingis um aðgerðir í byggðamálum.

Helstu breytingar

Helstu breytingar sem hin nýja reglugerð kveður á um eru:

1. Lánasjóði íslenskra námsmanna (LÍN) er falin öll framkvæmd og umsýsla fyrir námsstyrkjanevnd. Undanfarið ár hefur umsýslan verið hjá menntamálaráðuneytinu.
2. Umsóknnum verður skilað til LÍN og útborgun á sér stað tvisvar á ári, þ.e. í janúar og maí, beint inn á banka-reikninga námsmanna. Áður sáu framhaldsskólar um móttöku umsókna og útborgun styrkja. Útborgun átti sér stað einu sinni á ári.
3. Kallað verður eftir upplýsingum frá skóla um ástundun / námsárangur, áður en útborgun á sér stað til staðfestingar skilyrðis um reglubundið nám. Fram að þessu hefur skráning í nám verið talin nægja.
4. Skilyrði um að sambærilegt nám sé ekki hægt að stunda í heimabyggð

verður rýmkað. Við mat á sambærilegu námi og styrkhæfi nemenda á 1. ári verður áfram vísað til námsbrauta, en vegna náms eftir það verður vísað til eðlis og gæða skóla eða einstakra námsáfanga að mati umsækjanda.

5. Meginflokkum jöfnunarstyrkja fækka úr fjórum í tvo, þ.e. annars vegar styrki vegna dvalar fjarri lögheimili og fjölskyldu námsmanns og hins vegar styrki vegna ferða (skólaaksturs) milli skóla og lögheimilis.
6. Styrkur vegna dvalar fjarri lögheimili tekur mið af lögheimili. Þannig verður landinu skipt í þrjú svæði: A) höfuðborgarsvæðið og Akureyri; B) sveitarfélög og nágrennanabyggðir með framhaldsskóla; C) önnur byggðalög. Ef nám kallar á dvöl fjarri lögheimili og fjölskyldu námsmanns á svæði C fæst 30% uppbót á grunnfjárhæð og 15% uppbót ef lögheimili og fjölskylda námsmanns er á svæði B.
7. Styrkur vegna ferða milli lögheimils og skóla rennur eins og áður til skóla sem skipuleggja akstur fyrir nemendur en einnig beint til námsmanna sem ekki geta notfært sér skólaakstur og sækja skóla utan höfuðborgarsvæðisins langa vegalengd.

Rýmri möguleikar og aukin tækifæri

Eftir sem áður er megináhersla lögð á að styrkja námsmenn vegna viðbótarkostnaðar sem fylgir tvöföldu heimilishaldi. Jafnframt er nú leitast við að auka rétt og möguleika einstaklinga til að velja og ákveða sjálfir það nám og þann námsstað sem þeir telja eftirsóknarverðan. Að loknu 1. ári, samkvæmt skipulagi skóla, fá námsmenn þannig rýmri möguleika en áður til að sækja nám utan heimabyggðar, þar á meðal námsmenn af höfuðborgarsvæðinu til náms á landsbyggðinni. Breytingin þýðir auknið aðhald að skólum og skólastarfi, en um leið aukin

tækifæri. Skólar sem bjóða upp á eftirsóknarvert nám geta fjölgað nemendum og styrkt stöðu sína.

Almennt skilyrði fyrir styrk verður búseta og/eða skólasókn fjarri lögheimili námsmanns og lögheimili nánustu fjölskyldu, þ.e. foreldra/forráðamanns. Heimilt verður síðan að víkja frá kröfu um búsetu fjarri foreldrum/forráðamanni að ákveðnum skilyrðum uppfylltum s.s. ef lögheimilishúsnæði er í eigu námsmanns. Þannig er leitast við að koma í veg fyrir ranga lögheimilisskráningu og misnotkun styrkja með tilbúinni tilfærslu á lögheimili.

Nýr deildarstjóri



Guðný Helgadóttir hefur verið ráðin deildarstjóri lista- og safnadeildar í menntamálaráðuneytinu. Hún hefur starfaði í menntamálaráðuneytinu með nokkrum hléum frá árinu 1968, nú síðast sem sérfræðingur í lista- og safnadeild.

Menntamálaráðherra hittir vísindastjóra ESB - Evrópska vísindasvæðið

Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, átti þann 30. október sl. fund í Brussel með Philippe Busquin, vísindastjóra ESB. Á fundinum var meðal annars rætt um þátttöku Íslands í undirbúningsvinnu vegna sjöttu rammaáætlunar ESB í vísinda- og rannsóknarmálum, með tilliti til hugmynda um sameiginlegt evrópskt rannsóknarsvæði. Þær hugmyndir fela meðal annars í sér afstöðu til öndvegisstyrkja og hreyfanleika vísindamanna. Á fundinum náðist samkomulag um aukinn aðgang Íslendinga að undirbúningi Evrópska vísindasvæðisins og sjöttu rammaáætlunarinnar.

Vísindi og tækni æ fyrirferðarmeiri

Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, áréttaði þá skoðun að vísindi og tækni skiptu orðið meira máli en fyrr og á Íslandi hefði ríkisstjórnin hrundið í framkvæmd ýmsum breytingum sem gengju til sömu áttar og það sem væri á döfinni í Evrópu. Íslendingar hefðu tekið þátt í fjórðu rammaáætlun Evrópusambandsins og tækju nú þátt í þeirri fimmtu. Þær vísbendingar sem við hefðum hingað til um áhrifin af þátttökunni væru jákvæðar og hefðu haft áhrif á vísindastefnu okkar sjálfra. Vísindmönnum okkar hefði gengið vel í þessu samstarfi, m.a. hefðum við tekið að okkur stjórn verkefna í ríkari mæli en vænta mætti. Erlent vísindasamstarf Íslendinga væri þó ekki takmarkað við samstarf við Evrópuríki og væri t.d. löng hefð fyrir öflugum vísindasamstarfi við Bandaríki Norður-Ameríku. Þannig hefðu flestir Íslendingar með doktorspróf lagt stund á nám við háskóla þar vestra. Um 20

af hundraði íslenskra námsmanna í æðri menntun stunda nám við erlenda háskóla, þar af 10 af hundraði í Bandaríkjunum og 15 af hundraði í Evrópu. Ráðherra lýsti stuðningi Íslands við meginhugmyndirnar sem liggja til grundvallar í Evrópska vísindasvæðinu (European Research Area) og áhuga á að taka áfram virkan þátt í vísindasamstarfi ESB, þ.m.t. í sjöttu rammaáætluninni, enda teldum við okkur geta lagt ýmislegt af mörkum til samstarfsins.

Framtíð vísinda- og rannsóknarmála

Þann 16. nóvember sl. tóku vísindaráðherrar ESB stefnumótandi ákvörðun um næstu skref í vísinda- og rannsóknarmálum, m.a. undirbúning sjöttu rammaáætlunarinnar sem kemur til framkvæmda 2002. Ráðherrarnir ákváðu að áherslur samstarfsins í framtíðinni yrðu eftirfarandi:

1. Aukin tengsl milli markáætlana í þátttökulöndunum með stuðningi við að vísindamenn annarra þátttökulanda taki þátt í þeim. ESB gegnir samræmingarhlutverki.
2. Evrópskt net fyrir öndvegisrannsóknir með sameiginlegum verkefnum stofnana í aðildarlöndunum.
3. Stór verkefni með skilgreindum markmiðum undir sameiginlegri stjórn fyrirtækja, háskóla eða rannsóknastofnana.
4. Stuðningur við svæðisbundið samstarf og aðgerðir einstakra landa til að efla nýsköpun og rannsóknir á vegum smárra og meðalstórra fyrirtækja.
5. Fjölbreyttari styrkveitingar til vísindamanna sem dvelja tímabundið við störf utan heimalands síns.

Íslandsdagar í El Ferrol í Galísíu á Spáni

Íslandsdagar voru haldnir í El Ferrol í Galísíu á Spáni 2.-8. október sl. með þátttöku íslenskra listamanna

Heimastjórn Galísíu bauð öllum menningarborgum Evrópu að kynna menningu sína í viðamikilli dagskrá sem haldin var í ýmsum borgum Galísíu. Hafnarborgin El Ferrol varð fyrir valinu sem vettvangur fyrir kynningu á Reykjavík. Menntamálaráðuneytið fól Reykjavík menningarborg Evrópu árið 2000 að annast skipulagningu og undirbúning Íslandsdaganna en að þeim komu einnig utanríkisráðuneytið, Ferðamálaráð Íslands og Bláa lónið.

Dagskrá Íslandsdaganna

Fjölbreytt dagskrá var í boði á Íslandsdögnum. Má þar nefna að Borgarskjalasafn Reykjavíkur í samvinnu við Ljósmyndasafn Reykjavíkur og Reykjavíkurhöfn útbjuggu ljósmynda- og skjalasýningu um Reykjavíkurhöfn undir heitinu *Og höfnin tekur þeim opnum örmum*. Gítartríóið *Guitar Islancio* lék íslensk þjóðlög á tvennum tónleikum, tvær íslenskar kvikmyndir voru sýndar með spænskum texta *Börn náttúrunnar* og *Svo á jörðu sem á himni*. Einnig var haldin ráð-

stefna um Ísland undir heitinu Ísland: *Svipmynd af eyju í Atlantshafinu*.

Íslandsdögnum lauk svo með sýningu um Leikhússins Tíu fingur á brúðuleikritinu *Leifur heppni* en þess má geta að þetta verk var einnig sýnt í menningarborginni Santiago de Compostela.

Guitar Islancio og brúðuleikritið *Leifur heppni* eru á dagskrá Reykjavíkur menningarborgar Evrópu árið 2000, en menningarborgin lagði einnig fram ljósmynda- og skjalasýninguna.

Frakkar og Íslendingar funda um menningarmál

Í lok október sl. fór fram fundur fulltrúa íslenskra og franskra stjórnvalda um menningar-, mennta- og vísindamál. Fundurinn var á vegum menntamálaráðuneytisins og var hann haldinn í Þjóðmenningarhúsinu, en þetta er í þriðja sinn sem slíkur fundur er haldinn. Meginefni fundarins var að ræða framkvæmd menningarsáttmála Frakka og Íslendinga sem undirritaður var 1983 og fjallar um samstarf á sviði menntamála, vísinda og menningar. Einnig var rætt um hvernig til hefur tekist með samstarf á milli landanna tveggja undanfarin fimm ár og hver framtíð samstarfsins væri. Að lokum var rætt um þá hugmynd að hafa íslenska menningarkynningu í París árið 2002 eða 2003.

Samvinna milli íslenskra og franskra háskóla

Lektorsstaða í íslensku er við þrjá franskra háskóla, Sorbonne, Caen og Lyon en samvinna í ýmsum greinum, einkum læknisfræði og lögfræði, milli Háskóla Íslands og háskól-

anna í Tours, Montpellier og París. Nokkrir Íslendingar stunda doktorsnám í Frakklandi sem franskir styrkþegar og nýlega luku þrír Frakkar doktorsprófi í íslenskum fræðum.

Franska er valgrein í íslenskum grunn- og framhaldsskólum. Auk þess hefur franska verið kennd í Háskóla Íslands áratugum saman og hefur einn franskur nemandi verið styrkþegi í íslenskunámi fyrir útlendinga í Háskóla Íslands árlega. Að auki hefur Alliance

Afrakstur menningarsamstarfsins

Frönsk-íslensk orðabók er að nokkru leyti afrakstur menningarsáttmálans og hefur komið að góðum notum í öllu þessu starfi. Af útgáfu íslensk-franskra orðabókar hefur þó enn ekki orðið.

Margvísleg tengsl og skipti hafa verið á menningarsviðinu m.a. tónleikar, myndlistarsýningar og leiksýningar. Má þar m.a. nefna hina miklu Erró sýningu í Jeux de Paume listasöluum í fyrra sem vakti mikla athygli í Frakk-



Frá fundi Frakka og Íslendinga um menningarmál.

Fransca staðið fyrir frönskukennslu landi. Þá eru Íslendingar farnir að koma við sögu í franska kvikmyndahéimnum og eru verðlaun Bjarkar í Cannes og kvikmynd Sólveigar Ansbach, *Haut les Coeur* til marks um það. Einnig hefur margoft verið efnt til franskra kvikmyndaviku í Reykjavík.

Fyrsta sveinspróf í myndskurði í 46 ár

Þann 14. nóvember s.l. fengu Örn Sigurðsson og Anna Lilja Jónsdóttir afhent sveinsbréf í myndskurði að loknu fyrsta sveinsprófinu sem haldið hefur verið hér á landi frá árinu 1954 í þessari iðngrein. Sveinsbréfin voru afhent við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsi að viðstöddum Birni Bjarnasyni,

menntamálaráðherra, og Valgerði Sverrisdóttur, iðnaðarráðherra.

Myndskurður allt frá landnámi

Myndskurður er löggilt iðngrein þar sem fengist er við útskurð í tré eftir teikningu. Eins og fram kom í ávarpi Sveins Ólafssonar, myndskurðarmeist-



Anna L. Jónsdóttir og Örn Sigurðsson með sveinsprófsverkefni sín.

ara, við afhendinguna hefur iðnin sem slík verið stunduð hér á landi frá landnámi og eru til margir merkir gripir á minjasöfnum sem sýna hagleik myndskurðarmanna í gegnum tíðina. Sem dæmi um þetta er Valþjófsstaðahurðin sem varðveitt er á Þjóðminjasafni Íslands. Ekki hefur verið unnt að stunda

formlegt skólanám í þessari iðngrein undanfarna áratugi, en á síðasta ári brautskráði Iðnskólinn í Reykjavík tvo nemendur sem lokid höfðu námi í myndskurði. Þeir gengust síðan undir sveinspróf í maí s.l. en sveinsprófsnefndina skipa þeir Jón Hannesson, húsasmíðameistari, sem er formaður nefndarinnar, og

Sveinn Ólafsson, myndskurðarmeistari. Prófverkin voru útskorin spjöld í endurreisnarstíl og tók það próftakana um 6 vikur að vinna verkið.

Það er von menntamálaráðuneytisins að sveinsprófin verði til þess að efla áhuga fólks á þessari hefðbundnu, íslensku handverksgrein.

Hvað er tungutækni?

Tungutækni er nýtt hugtak sem vísar til notkunar tækni við meðferð málsins í tölvum og hugbúnaði. Tæknin gerir mönnum nú m.a. kleift að tala við tölvur og gefa þeim skipanir á þann hátt að tala texta inn á forrit í stað þess að slá hann inn. Tölvur geta einnig talað við fólk, til dæmis svarað sjálfkrafa fyrirspurnum fólks í gegnum síma og lesið fyrir blindra og sjónskerta. Tungutækni snýr einnig að sjálfvirkri leiðréttingu á málfræði og stafsetningu, loks falla staðlar fyrir letur einnig undir þessa tækni, til dæmis varðstaða um íslensku stafina þ og ð.

Skýrsla um tungutækni

Um þetta allt má lesa í skýrslu sem unnin var fyrir menntamálaráðuneytið og kom út á síðasta ári. Íslensk tunga stendur ekki vel gagnvart þessari tækni, meðal annars vegna þess að hér skortir málvisindalegar rannsóknir og þá gagnagrunna sem eru nauðsynlegir til að þróa tungutæknilausnir fyrir íslensku.

Menntamálaráðherra hefur nú skipað verkefnisstjórn til að vinna að framkvæmd tillagna sem eru að finna í fyrirnefndri skýrslu og miða að því að styrkja stöðu íslenskunnar. Verkefnisstjórnina skipa: Ari Arnalds, verkfræðingur, formaður, Bjarki Brynjarsson, framkvæmdastjóri, Höskuldur Þráinsson, prófessor og Kristín Haraldsdóttir, lögfræðingur. Rögnvaldur Ólafsson, eðlisfræðingur, mun starfa með stjórninni sem verkefnisstjóri.

Hlutverk verkefnisstjórnar

Verkefnisstjórn um tungutækni er ætlað:

1. Að stuðla að viðtæku samstarfi opinberra aðila og einkaaðila á sviði tungutækni.
2. Að stuðla að uppbyggingu fyrirtækja á sviði tungutækni.
3. Að hjóða út verkefni á sviði tungutækni og koma á þróunarsamvinnu þar sem það á við. Stefnt skal að því að þróunarvinna,

s.s. myndun textagrunna, talmálgrunna og orðasafna, fari fram hjá einkafyrirtækjum.

4. Að vinna að þátttöku Íslendinga í tungutækni-verkefnum á erlendum vettvangi og gera tillögur um fjármögnun hluts Íslendinga í þeim verkefnum.
5. Að móta reglur um eignarhald á þeim afurðum sem til verða og opinberir aðilar fjármagna.
6. Að hafa yfirumsjón og eftirlit með framkvæmd tungutækni-verkefna.
7. Að skila til menntamálaráðherra tillögu að verkefnaáætlun þar sem fram kemur forgangsriðun, fjármögnun og tímaáætlun verkefna á sviði tungutækni.

Samkvæmt frumvarpi til fjárlagalaðnaðar fyrir árið 2000 og fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2001 hefur verkefnisstjórnin 104 milljónir króna til ráðstöfunar í þessu skyni.

Styrkir úr menningaráætlun Evrópusambandsins Menning 2000

Evrópusambandið veitir í ár 8 menningarverkefnum sem Ísland á aðild að, styrki úr menningaráætlun Evrópusambandsins - Menning 2000. Styrkirnir nema um 60 milljónum króna og eru Íslendingar í forsvari fyrir 3 verkefnum. Alls eru veittar 34,5 milljónir evrur (um 2,6 milljarðar ísl. kr.) til 231 verkefnis.

Menningu 2000 er ætlað að efla menningarsamskipti Evrópubúa og kynna evrópska menningu. Áætlunin nær til hvers konar menningararfleifðar, bókmennta og annarra listgreina. Meðal skilyrða fyrir umsókn er að a.m.k. þrjú lönd, sem eiga aðild að menningaráætluninni, taki þátt. Umsóknir um þýðing- arstyrki eru undanþegnar þessu skilyrði.

Íslendingar eru í forsvari fyrir eftirfarandi 3 verkefnum sem hljóta styrk í ár:

1. Leikhópurinn Fljúgandi fiskar, í samstarfi við Leikfélag Íslands, Þjóðleikhúsið og Stöð 2, til að setja upp nýstárlega uppfærslu á *Medea* eftir Evripides. Þessi uppfærsla er óvenjuleg tilraun til að setja fornan, sigildan harmleik upp á nýstárlegan hátt og fer leikurinn fram á sviði, tjaldi, skjá og hljóðrás. Listamenn og stofnanir frá Finnlandi og Bretlandi taka þátt í uppfærslunni og verður sýningin einnig sýnd í þeim löndum.
2. Sjálfstæðu leikhúsin til að halda evrópska listapíngið IETM, sem fór fram í Reykjavík dagana 5.-8. október sl. Belgía, Danmörk og Austurríki stóðu að umsókninni ásamt Íslandi en þátttakendur á þinginu voru frá flestum

löndum Evrópu, auk Bandaríkjunum, Kanada, Túnis og Ísrael.

3. Bókaútgáfan Fjölvi til að þýða fjögur evrópsk bókmenntaverk: *El invierno en Lisboa* eftir A. Muñoz Molina, *Unfinished Tales of Numenor* and Middle-Earth eftir J.R.R. Tolkien, *Vissi d'amore* eftir P. Capriolo og *O Vale da Paixao* eftir L. Jorge.

Finnska útgáfufyrirtækið Oy Like Kustannus LTD hlýtur styrk til að þýða *Norðurljós* eftir Einar Káráson.

Íslendingar taka þátt í eftirfarandi 5 verkefnum sem hljóta styrk í ár:

1. *Tians Dance Europe*, danshátíð menningarborga Evrópu. Íslenski dansflokkurinn tekur þátt í verkefninu. Markmiðið með hátíðinni er að leiða saman nýja strauma og gefa mynd af því sem er að gerast í evrópskri danslist á árinu 2000.
2. *Walk About Stalk* er verkefni unnið af listamönnum úr þremur ólíkum listgreinum: byggingarlist, tónlist og dansi. Listamennirnir koma frá Belgíu, Íslandi, Noregi og Finnlandi. Hugmyndir frumbyggja Ástralíu um „walkabout“ og sameiginlegur áhugi og hrifning hópsins á kvikmyndinni „Stalker“ eftir Tarkowsky voru útgangspunktur verksins. Um var að ræða innsetningar og sýningar sem voru á Vindhátíð menningarborgar Reykjavíkur í september síðastliðnum.
3. Minjasafn Austurlands tekur þátt í verkefninu „*Aðferðir og afurðir með*

tilliti til menningararfs“ ásamt aðilum frá Bretlandi, Danmörku, Finnlandi, Grikklandi og Írlandi. Framlag Minjasafns Austurlands verður að rannsaka fornar aðferðir við útskurð og gerð bygginga úr torfi og timbri. Rannsóknirnar beinast að því að hægt verði að kenna aðferðirnar ungmennum í gegnum hagnýt verkefni og þannig halda arfleifðinni lifandi. Aðstandendur verkefnisins munu síðan standa saman að útgáfu handbókar.

4. Norræna húsið ásamt fleiri íslenskum stofnunum og visindamönnum taka þátt í verkefninu *A Europe of Tales - A new media programme of European myths and legends for cultural education* sem Finnar stýra. Markmiðið með verkefninu er að kynna goðsagnir og þjóðsögur landanna ungmennum og börnum á aðgengilegan og skemmtilegan hátt á Netinu. Hluttur Íslands verður að kynna goðsagnir Snorra Eddu og Eddukvæða.
5. Sjóminjasafn Þjóðminjasafnsins tók þátt í verkefninu „*Fólk og bátar í norðri*“ - People and Boats in the North of Europe. Verkefnið var óvenjuleg sýning á gömlum trébátum frá öllum Norðurlöndunum, Eistlandi og Hjaltlandi. Hún var sett upp um borð í flutningaskipi sem síðastliðið sumar heimsótti ellefu hafnir í sex löndum. Flutningaskipið lá í Reykjavíkurböfn í júní sl. og vakti sýningin athygli.

Á næstunni verður auglýst eftir umsókn- um um styrki á árinu 2001.

Þróunarskólar í upplýsingatækni

UT-skólar

UT-skólar eru sex þróunarskólar í upplýsingatækni sem vinna í fjögurra ára tilraunaverkefni á vegum menntamálaráðuneytisins með stuðningi sveitarfélaga og Landssímans. Í verkefninu eru þrjár grunnskólar; Árbæjarskóli, Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri, Varmalandsskóli í Borgarfirði og þrjár framhaldsskólar; Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi, Menntaskólinn á Akureyri. Þróunarskólarnir vinna að þróun upplýsingatækni í kennslu, námi og skólastarfi. Á fyrsta ári tilraunaverkefnisins var lögð áhersla á endurbætur á tölvubúnaði skólanna og tengingum ásamt endurmenntun kennara. Nú er aukin áhersla lögð á breytt hlutverk kennarans með aukinni notkun upplýsingatækni í kennslu. Kynningar á tilraunaverkefnum sem skólarnir vinna við og miðlun reynslu eru áhersluatriði í vetur. Meðal annars halda kennarar og stjórnendur þróunarskólanna námskeið og fyrirlestra í skólum og víðar. Auk þess er fjallað um efnið á vefjum verkefnisins og skólanna.

ODIN-skólar

Fjórir íslenskir skólar taka þátt í verkefninu ásamt fjórum skólum frá hverju hinna Norðurlandanna. Norræna skólanetið Óðinn <http://www.odin.dk> er miðja verkefnisins. Verkefnið sem er til þriggja ára, ber heitið Iðunn og er ætlað að stuðla að þróun upplýsingatækni og breyttu hlutverki kennarans. Íslensku skólarnir sem taka þátt í verkefninu eru: Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri, Grandaskóli, Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi og Menntaskólinn á Akureyri. Um næstu áramót munu tveir skólar bætast við frá hverju landi. Formlegt vinnusvæði á Óðni er um það bil að opna en þang-

að til má sjá nánari upplýsingar á slóðinni: <http://odin.dk/idun/innovative/>

ENIS-skólar

Átta íslenskir skólar hafa verið valdir til verkefnisins sem ber skammstöfunina ENIS (European Network of Innovative Schools) en samtals eru um 400 ENIS-skólar í Evrópu, mismargir frá hverju landi. Verkefnið er á vegum Evrópska skólanetsins EUN er: <http://www.en.eu.org> ENIS-skólar eru í fararbroddi í notkun upplýsingatækni í hverju landi fyrir sig en eru misjafnlega staddir í þróun starfi á breyttum kennsluháttum. Þeim er ætlað að þróa skólastarfi í kjölfar breytinga við aukna notkun upplýsingatækni í námi og kennslu. Upplýsingar

um skóla og verkefnið eru á vefsvæði EUN <http://www.en.eu.org/enis/set-enis.html>

Harpa Hreinsdóttir í Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi hefur verið ráðin til að sjá um framvindu verkefna í ENIS skólunum, gera íslenskan útdrátt úr fréttabréfum um verkefnið og úr fréttabréfum Evrópska skólanetsins. Upplýsingar á íslensku eru á Netinu: <http://www.fva.is/~harpa/enis/index.htm>

Í heildina vinna því níu íslenskir skólar markvisst að þróun upplýsingatækni í skólastarfi í þremur verkefnum á vegum menntamálaráðuneytisins. Veffang þróunarskólavefsins er: <http://www.utskolar.is>

Nýr skrifstofustjóri menningarmála

Karitas H. Gunnarsdóttir hefur verið skipuð skrifstofustjóri menningarmála í menntamálaráðuneytinu. Hún tekur við starfinu af Árna Gunnarssyni sem lét af störfum þann 1. desember sl. Karitas lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Sund árið 1980 og embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands 1986. Að námi loknu starfaði hún sem dagskárgerðarmaður hjá Ríkissjónvarpinu, sem lögfræðingur við embætti Borgarfógetans í Reykjavík á árunum 1987-1989 og sem lögfræðingur Skífunnar h.f. 1989-1992. Karitas starfaði sem deildarsérfræðingur í alþjóðadeild umhverfisráðuneytisins frá 1993-1995 þegar hún tók við starfi deildarstjóra lista- og safnadeildar menntamálaráðuneytisins.



Lætur af embætti



Guðríður Sigurðardóttir, ráðuneytisstjóri, Þórunn Hafstein, skrifstofustjóri, Árni Gunnarsson og Björn Bjarnason, menntamálaráðherra.

Árni Gunnarsson lét af embætti skrifstofustjóra menningarmála í menntamálaráðuneytinu 1. desember síðastliðinn eftir rúmlega fjörutíu ára starf.

Árni Gunnarsson fæddist 6. nóvember 1930 að Æsustöðum í Langadal, Austur-Húnavatnssýslu. Hann lauk stúdentsprófi frá stærðfræðideild Menntaskólans í Reykjavík 1950 og fil.kand. prófi í bókmenntasögu, norrænum málum og ensku frá Háskólanum í Stokkhólmi 1957.

Árni hefur starfað við menntamálaráðuneytið frá 15. febrúar 1959 auk þess að gegna tímabundið störfum forsetarítara samhliða starfi sínu í menntamálaráðuneytinu. Árni Gunnarsson var skipaður deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu árið 1970 og 1983 var hann skipaður skrifstofustjóri.

Árni Gunnarsson var staðgengill ráðuneytisstjóra og starfaði sem settur ráðuneytisstjóri í ársleyfi skipaðs ráðu neytisstjóra árið 1990. Hann hefur starfað í ýmsum

stjórnunum og nefndum á vegum ráðuneytisins, innlendum og alþjóðlegum.

Í kaffisamsæti sem haldið var til heiðurs Árna Gunnarssyni kom fram í ræðu menntamálaráðherra, Björns Bjarnasonar, þakkir fyrir það góða starf sem Árni hefur leyst af hendi öll þau ár sem hann hefur verið í ráðuneytinu.

Jafnframt óskaði Björn Bjarnason, fyrir hönd starfsfólks menntamálaráðuneytisins, Árna Gunnarssyni velfarnaðar á komandi árum.



Árni Gunnarsson með arftaka sínum Karítas H. Gunnarsdóttur.

Margrethe Vestager, menntamálaráðherra Danmerkur, dvaldist á Íslandi dagana 11.-13. október sl. í boði Björns Bjarnasonar menntamálaráðherra. Koma ráðherrans var í tilefni af undirritun samnings milli landanna tveggja um sérstakan stuðning við dönskukennslu á Íslandi. Samningurinn nær til þriggja ára, frá 2001-2003, og er gerður í framhaldi af fimm ára samstarfsverkefni landanna um eflingu dönskukennslu og miðlun danskrar menningar á Íslandi sem dönsk stjórnvöld hafa fjármagnað frá árinu 1996. Fjárveitingar Dana til þessa fimm ára verkefnis hafa árlega numið um 20 milljónum íslenskra króna.

Í hverju felst stuðningurinn?

Í þeim þriggja ára samningi sem var undirritaður er m.a. kveðið á um ráðningu dansks sendikennara við Kennaraháskóla Íslands, ráðningu tveggja danskra farkennara fyrir grunnskóla landsins, styrki til námsferða dönskunema á háskólastigi og sérstök verkefni á sviði endurmenntunar kennara annars vegar og námsefnisgerðar hins vegar. Fjárveitingar Dana til verkefni-

Heimsókn menntamálaráðherra Danmerkur

isins nema sem fyrr um 20 milljónum íslenskra króna árlega en fjárframlag Íslendinga nemur um 5 milljónum. Sérstök samstarfsnefnd Dana og Íslendinga hefur umsjón með framkvæmd samningsins. Á meðan á dvöl Margrethe Vestager stóð heimsótti hún m.a. Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands og Sólvalaskóla á Selfossi en í þessum skólum starfa nú danskir lektorar og farkennarar.



Menntamálaráðherra Danmerkur Margrethe Vestager og Björn Bjarnason.